



Háskólinn
á Akureyri

Ráðgjöf vegna mats á þróunarverkefni í MA

Skýrsla ráðgjafa MSHA

Sólveig Zophoníasdóttir

6/6/2011

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Inngangur

Haustið 2010 hafði Stefán Þór Sæmundsson kennari og matsfulltrúi við Menntaskólann á Akureyri (MA) samband við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) og óskaði eftir samstarfi um ráðgjöf og stuðning við mat á Íslandsáfanganum sem er nýr samþættur áfangi settur saman með tilliti til nýrrar aðalnámskrár. Samkomulag varð um að Sólveig Zophoníasdóttir sérfræðingur á MSHA, tæki ráðgjafarhlutverkið að sér og ynni með matsfulltrúa sem ráðgjafi og leiðbeinandi.

Samstarfið er beggja hagar þar sem MSHA fær aðgang að þróunarstarfi í framhaldsskóla og tækifæri til þátttöku með ráðgjöf og stuðningi við matsfulltrúa og það er styrkur fyrir þróunarstarfið í MA að hafa MSHA sem formlegan samstarfsaðila við framkvæmd þróunarverkefnisins.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir samstarfinu frá sjónarhorni ráðgjafa.

Markmið verkefnisins

Nýbreytni skólastarfsins felst í samþættingu námsgreina í stóran áfanga sem heitir Ísland. Íslandsáfanginn samanstendur af sex samvinnuverkefnum á önn sem byggja á ákveðum þemum og samhliða þeim eru unnin einstaklings- og paraverkefni um skylt efni. Í lok hvers þema er vinnan og afurðir hennar kynntar og ræddar. Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði skólaárið 2010–2011. Áfanginn er ávöxtur áhuga, umræðna og vilja kennara í Menntaskólanum á Akureyri og til þess að vinna að samstilltu átaki sem hefur að markmiði að bæta vinnubrögð og virkni nemenda og auka sjálfstæði þeirra og ábyrgð á eigin námi. Áfanganum er einnig ætlað að stuðla að heildarsýn á nám og mynda tengingu á milli námsgreina. Kennsla hófst í áfanganum Ísland síðastliðið haust (2010) samhliða innleiðingu nýrrar námskrár.

Hlutverk matsfulltrúa MA er að fylgjast með og meta þróun Íslandsáfangans og innleiðingu nýrrar námskrár og starfshátta á gagnrýninn hátt, koma með ábendingar og meta framvinduna á grundvelli fjölbreyttrar gagnasöfnunar. Hlutverk hans er einnig að koma upplýsingum um framvindu, úrvinnslu og niðurstöður til þátttakenda. Matsfulltrúi á samstarf við sjálfsmatsnefnd MA en hennar hlutverk er umsjón með gerð og framkvæmd áfangakannana sem lagðar eru fyrir nemendur á hverju ári og með þeim leitað eftir viðbrögðum nemenda varðandi námsefni, kennslu, námsmat, ástundun, áhuga o.fl. Í vetur var megináhersla í áfangakönnunum lögð á meta Íslandsáfangann og íþróttir. Matsfulltrúi fylgist einnig með gangi mála í samvinnu við verkefnisstjóra Ísland áfangans þær Önnu Sigríði Davíðsdóttur og Gunnhildi Ottósdóttur og verkefnisstjóra nýrrar námskrár Valgerði Bjarnadóttur.

Aðkoma MSHA að verkefninu fólst í að styðja matsfulltrúa í vinnu hans við matsferlið, veita honum áheyrn og ráðgjöf varðandi mat á nýbreytni í skólastarfi.

Fræðilegur bakgrunnur

Breytingar á námskrá eru gerðar til þess að auka gæði menntunar og koma til móts við breyttar áherslur varðandi menntun og gildi hennar fyrir einstaklinga og samfélag. Forsendur nýrrar námskrár koma að mestu utan frá en frumkvæði og vinna við framkvæmd námskrár og innleiðingu hennar kemur innan frá. Til þess að fá upplýsingar um framvindu innleiðingarferlis er ferlið metið. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða hvað bæta til að ná markmiðum skólastarfsins. Starfsfólk skólans ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram og markmið matsins er að stuðla að

umbótum á skólastarfinu, efla skólaþróun og matsmenningu. Matsfulltrúi í samstarfi við annað starfsfólk samræmir matsstarfið, ber ábyrgð á stuðningi og gæðaeftirliti.

Leiðir við mat á Íslandsáfanganum og innleiðingu nýrrar námskrár voru fjölbreyttar og áhersla lögð á þátttöku nemenda og starfsfólks í matinu með aðferðum þátttakendamíðaðs mats og matsferlum í anda starfendarannsókna.

Í þátttakendamíðuðu mati er áhersla lögð á mat þátttakendana sjálfra, þá sem nota þjónustuna, stunda nám við skólann fremur en þá sem veita þjónustuna. Þessari tegund mats er ætlað að skila upplifun og sjónarmiðum þeirra sem taka þátt, gildismati þeirra og þörfum. Til verða margvísleg gögn sem spretta úr daglegu starfi bæði meginleg og eigindleg, huglæg og hlutlæg. Aðferðir þátttakendamíðaðs mats hafa þann kost að draga athygli að mannlegum þætti í allri þjónustu, þær eru sveigjanlegar og taka mið af því samhengi sem þjónustan fer fram í. Allir hafa tækifæri til að segja frá sínu sjónarhorni á það sem meta á og leitast er við að nota matsgögn til þess að leysa vandamál á vettvangi (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Starfendarannsóknir eru lýðræðislegt þátttökufæri. Þær snúast ekki um að rannsaka eitthvað sem er eða hefur gerst heldur eru þær virk aðferð til þess að láta eitthvað gerast, meta afleiðingarnar og skapa nýjar aðstæður eða þekkingu. Áskorun rannsakandans/þátttakandans felst í að eiga hlutdeild í ferlinu og knýja það áfram en um leið að horfa á ferlið utanfrá með gagnrýnum og umbótasinnuðum hætti (Coghlan og Brannick, 2010). Starfendarannsóknir eru viðurkennd og árangursrík leið til að efla fagvitund, fagmennsku og starfskenningu (McNiff og Whitehead, 2006). Eitt aðalsmerki góðra kennara er ígrundun í starfi. Ígrundun er stöðug sjálfsskoðun með það fyrir augum að bæta kennsluhætti sína og nám nemenda. Ígrundun er óaðskiljanlegur hluti af því að sinna starfi sínu vel og þróa þá sýn sem starfið byggist á. Hún þarf ekki að vera hluti af formlegu rannsóknarferli en er hins vegar órjúfanlega tengd formlegum starfendarannsóknum þar sem gögnum er safnað og unnið skipulega úr þeim til að ígrundunin verði formlegri og markvissari (Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2002). Þær stofnanir sem líklegt er að skari framúr í framtíðinni eru stofnanir sem ná að laða fram hlutdeild og hæfileika allra sem á vettvangi starfa til að læra á öllum sviðum stofnunarinnar. Það þýðir að allir sem hlut eiga að máli þurfa að vera undir það búinir að meta eigið starf í samstarfi við aðra á vettvangi og birta niðurstöður sínar fyrir gagnrýnum augum samstarfsfólks og almennings (McNiff og Whitehead, 2006).

Matsferlið í Íslandi

Íslandsáfanginn samanstendur af sex samvinnuverkefnum á önn sem byggja á ákveðum þeimum og samhliða þeim eru unnin einstaklings- og paraverkefni um skylt efni. Í lok hvers þema er vinnan og afurðir hennar kynntar, ræddar og metnar. Ferlið er í eðli sínu rannsóknarferli í ætt við starfendarannsókn.

Vinnubrögðin í ferlinu gilda bæði fyrir kennara og nemendur. Hvert verkefni má hugsa sér sem hringferli. Upphafið er að gera sér grein fyrir (1) viðfangsefninu (constructing), (2) áætlunargerð og skipulagi (planning action), (3) framkvæmd (taking action) og (4) mati (evaluating action) og skráningu upplýsinga til þess að byggja frekari vinnu á (Coghlan og Brannick, 2010). Á grundvelli mats og gagna er búin til áætlun fyrir næsta þema/hringferli og svona heldur ferlið áfram hring eftir hring eftir því sem við á. Gögnin sem safnað er við mat í lok hvers þema er gagnlegur og fullgildur efniviður í skýrslu um þróun áfangans.

Viðfangsefni áfangans skiptast niður á sex verkefni á önn. Hvert verkefni er sett í hringferli með beinni þátttöku nemenda og kennara. Hringferlin tengjast síðan í einu heildarferli á hvorri önn. Að vori má bera saman framvindu áfangans á hvorri önn og leggja mat á þróun áfangans á grundvelli þeirra gagna ásamt mati nemenda.

Mikilvægt er að kennarar haldi dagbók um störf sín og þátttöku í ferlinu. Með dagbók kallast kennarinn á við sjálfan sig, skráir hjá sér, viðfangsefni, líðan, upplifanir, veigar og sterkar hliðar. Kennari getur ákveðið að skrifa um afmarkaða þætti starfsins og best er að ætla sér ekki um og of. Með dagbókum varðveitast gögn sem eru til staðar ef og þegar á þarf að halda. Jafnframt er gott að kennarar búi að bandavini (critical friend) sem tilbúinn er að hlusta á kennarann og veita honum gagnrýni og uppbyggilega endurgjöf.

Í umsókn MA til Sprotasjóðs kemur fram að við mat á verkefni séu ýmsar áherslur sem snúa að vinnu nemenda, vinnubrögðum, valfrelsi, ánægju, sjálfstæði, hugkvæmni og hvernig og hvort leiðsagnarmat skili sér í bættum viðhorfum nemenda til námsins og aukinnar virkni. Á vef Eyglóar R. Sigurðardóttur um fjölbreytt námsmat er fjallað um leiðsagnarmat, frammistöðumat, jafningjamat, sjálfsmat og stöðugt alhliða námsmat (<http://eyglo.com/PEEL/peelfjolbrnamsmat.htm>). Einnig má nefna vef Guðrúnar Pétursdóttur þar sem fjallað er um alhliða námsmat (<http://frontpage.simnet.is/gudrunpet/namsmatid/indexmat.htm>).

Framvinda

Skipuleg vinna við ráðgjöfina hófst í byrjun október 2010 með fundi okkar Stefáns (ráðgjafi og matsfulltrúi) og fór fundurinn fram í MA sem og aðrir fundir okkar. Í október voru lagðar megin línur fyrir samstarfið á grundvelli verkáætlunar fyrir skólaárið 2010–2011 og ákveðið var að funda mánaðarlega til að byrja með og vera þess utan í bréfasambandi eftir því sem við ætti.

Til þess að fá heildarsýn á verkefnið og umfang þess fór ég í upphafi yfir umsókn MA í Sprotasjóð. Ég dró fram og flokkaði markmið Íslandsáfangans, væntingar til hans, áherslur, mat, hlutverk starfsfólks o.fl. og setti upp í hugarkort sem nálgast má á eftirfarandi slóð með lykilorðinu island:

<http://www.mindmeister.com/maps/show/15389005>

Við lögðum áherslu á að skoða og gera grein fyrir markmiðum, matsleiðum, leiðum til gagnaöflunar og úrvinnslu.

Megin markmið verkefnisins er að auka námsánægju, áhuga og virkni nemenda, þjálfa markviss vinnubrögð og yfirfærslu þekkingar og leikni milli námsgreina.

Við mat á námi og vinnu nemenda var lögð áhersla á að meta vinnubrögð, áhrif valfrelsis innan viðfangsefna á námsánægju nemenda og hvort afurðir náms beri vott um sjálfstæða hugsun og hugkvæmni. Í verkefninu var lögð áhersla á einstaklingsmiðaða aðstoð og aðhald með leiðsagnarmati í því skyni að bæta viðhorf til náms og auka virkni nemenda. Bekkjarfundir voru haldnir við lok hvers þemaverkefnis alls sex á önn og gáfu þeir tækifæri til að laða fram upplifun, hugmyndir og skoðanir nemenda á þróunarverkefninu og spyrja hvað hafi tekist vel og hvað mátti betur fara og hvernig.

Rýnihópar kennara áttu fundi vikulega og fóru yfir starfið, hvernig gengi að temja sér ný vinnubrögð og hvort framvinda verkefnisins væri í samræmi við markmið viðfangsefna. Tekin voru viðtöl við kennara og annað starfsfólk um reynslu þeirra, líðan og upplifun af verkefninu og þróunarstarfið var borið saman við námskrá og skólasýn. Áfangakannanir á ábyrgð Sjálfsmatsnefndar MA voru lagðar fyrir á hvorri önn. Matsleiðir þróunarverkefnisins voru fjölbreyttar og til varð mikið magn upplýsinga.

Um miðjan nóvember fórum við yfir framvindu mats miðað við verkáætlun og ljóst var að vel miðaði. Gögn bárust um það leyti frá bekkjarfundum og gæðahringjum um Íslandsáfangann og almennt um nýbreytnina auk gagna um velgengnisdaga. Velgengnis dagar eru þriggja daga uppbot á hverri önn þar sem áhersla er lögð á lýðræðisleg samskipti og starfshætti auk virkrar þátttöku nemenda. Mjög sýnileg gögn um velgengnisdaga mátti sjá á göngum skólans því nemendur höfðu fengið það verkefni að kryfja til mergjar einkunnar orð skólans: virðingu, víðsýni og árangur á fjölbreyttan hátt í máli og myndum.

Ekki gafst tími til að safna gögnum með samtölum við bókasafnsfræðinga, húsverði og ræstingafólk og var sá hluti verkáætlunar látinn liggja milli hluta en bókasafnsfræðingar, húsverðir og ræstingafólk voru hvött til þess að skrá hjá sér það sem vekti þau til umhugsunar varðandi skólastarfið og skipulag þess, hvað mætti betur fara, hvers vegna og hvernig, hvað væri vel gert, hvers vegna og hvernig, og koma þeim gögnum til matsfulltrúa. Með þeim hætti fengjust gögn sem nota mætti til að læra af og í kjölfarið gera betur við skipulag og framkvæmd skólastarfsins.

Í ljós kom að ekki var svigrúm til formlegrar starfendarannsóknar með skuldbindingu allra kennara. Við töldum þó best að reyna eins og mögulegt væri setja matið sem mest í ferli í anda starfendarannsókna. Þannig fengi þróunarstarfið að njóta þess byrs sem feldist í krafti og þekkingu starfsfólksins til þess að meta og knýja ferlið áfram og um leið að efla matsmenningu innan skólans.

Verkefnisstjórar og kennarar hittust vikulega og gerðu grein fyrir stöðu mála, hvernig hefði gengið, hvað mætti betur fara og lögðu á ráðin um næstu skref. Haldnir voru bekkjarfundir og gæðahringir og leitað eftir skoðunum nemenda á verkefninu. Kennurum hugnaðst ekki að halda dagbók en vildu þess í stað að leggja áherslu á góðar og ítarlegar fundargerðir. Til viðbótar hefðbundnum efnivið fundargerðar er lagt mat á hvernig gekk að ná markmiðum þróunarstarfsins hverja viku, hvað væri vel gert og hvers vegna og hvað mætti betur fara og hvers vegna og með hvaða hætti skyldi taka næstu skref.

Lagt er til að mat af þessu tagi verði skráð og skoðað sem viðauki við formlega fundargerð en þurfi ekki að vera opinbert gagn líkt og fundargerðin sjálf. Mikið magn gagna gæti safnast með þessum hætti og mikilvægt er að verkefnisstjórar og kennarar rýni í gögnin og lesi úr þeim. Þannig dreifist ábyrgð úrvinnslunnar á fleiri og skuldbinding þátttakanda verður meiri. Sjálfsmatsnefnd ætlar að byggja næstu áfangakannanir að miklu leyti á þeim niðurstöðum sem koma frá bekkjarfundum og gæðahringjum.

Ágætlega gekk að hvetja kennara í 1. bekk, sem kenna námsgreinar sem ekki falla undir Íslandsáfangann, til sjálfsmats og sýndu þýskukennarar frumkvæði í þá veru með stofnun stuðnings- og umræðuhóps til þess að deila hugmyndum sínum, reynslu og áformum. Almennt höfðu kennarar ekki tök á að halda dagbók/leiðabók um starfið og framvinda þróunarstarfsins fyrst og fremst skráð í fundargerðir.

Uppgjör haustannar fór fram í janúar og febrúar og hafði leiðsagnargildi fyrir skipulag og framkvæmd á vorönn. Að uppgjörinu komu verkefnisstjórar, kennarar í Íslandsáfanga, rýnihópar nemenda og matsfulltrúi.

Niðurstöður áfangakönnunar sem lögð var fyrir nemendur Íslandsáfangans lágu fyrir í janúar 2011 og niðurstöður matsblaðs sem lagt var fyrir kennarar Íslandsáfangans og annarra kennarar í 1. bekk voru birtar í mars 2011. Samkvæmt upplýsingum frá matsfulltrúa var samræmi í svörum nemenda og kennarar varðandi þróunarferlið. Verkefnisstjórum og kennurum Íslandsáfangans falið að greinda gögnin enn frekar.

Á vorönn hélt innleiðing nýrrar námskrár áfram og fór ferlið í Íslandsáfanganum fram með svipuðum hætti. Losið sem nýbreytnin skapaði á haustönn var hverfandi og í kjölfar aukins skilnings á eðli nýbreyntinnar jókst færni og öryggi þeirra sem að verkefninu komu. Aðkoma mín að verkefninu og stuðningur við matsfulltrúa á vorönn var ekki jafn þéttur og á haustönn enda komin ágæt reynsla á matsferlið og það í örugum höndum.

Á vormánuðum 2011 fórum við matsfulltrúi yfir hvernig farsælast væri að skrifa lokaskýrslu um mat á innleiðingu nýrrar námskrár og Íslandsáfanganum. Skýrslan er opinber og þar sem innihald hennar byggir á innra mati þeirra sem best til þekkja þarf að gæta þess að framsetning hennar sé skýr og upplýsandi fyrir utanaðkomandi aðila. Þar þarf að koma fram lýsing á viðfangsefni matsins og markmiðum þess, framkvæmd og gagnaöflun, viðmiðum og niðurstöðu.

Lokaorð

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem sett eru með nýrri námskrá. Starfsfólk skóla ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram. Ásamt því að fylgjast gagnrýnum augum með framvindu mats í þróunarverkefninu stuðlaði matsfulltrúi að eflingu matsmenningar innan skólans með því að hvetja nemendur og starfsfólk til markvissrar ígrundunar með það að leiðarljósi að bæta skólastarfið.

Almennt má segja að samstarfið hafi verið farsælt og frá mínum bæjardyrum séð áhugavert og lærdómsríkt að fylgjast með metnaðarfullu þróunarstarfi í MA.

Heimildaskrá

Coghlan, D. og Brannick, T. (2010). *Doing action research in your own organization* (3. útg.). London: SAGE.

Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2002). *Aukin gæði náms. Skóli sem lærir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

McNiff, J., og Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research*. London: Sage.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Hólar.